

Fundarboðandi: Sigurborg Daðadóttir

Fundarstaður: Matvælastofnun, Selfossi

Fundarstjóri: Sigurborg Daðadóttir

Dagsetning: 24. apríl 2019

Fundarritari: Eva Gunnarsdóttir

Fundartími: 13:00 – 14:10

Pátttakendur: Sigurborg Daðadóttir (Yfirdýralæknir, formaður Fagráðs), Ólafur R. Dýrmundsson (f.h. Dýraverndunarsambands Íslands, og Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands). Erna Bjarnadóttir (f.h. Bændasamtaka Íslands) og Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnunar HÍ) sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Umsóknir um dýratilraunir
3. Önnur mál

Umræða

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykkis/synjunar

Fundargerð hafði verið samþykkt fyrir fundinn og birt á heimasíðu Matvælastofnunar.

Ákveðið að samþykkja fundargerðir fljótlega eftir fundi ráðsins í tölvupósti. Takist það ekki þá er fundargerðin tekin til afgreiðslu næsta fundar. Fundargerð birt að samþykkt lokinni eins og verið hefur.

2. Umsagnir um umsóknir til dýratilrauna

- a. Perfusion á nagdýrum fyrir vefjagreiningar. Upplýst var um tæknileg mistök (3.5.2) við skráningu umsóknar í þjónustugátt Mast, sem hafa verið lagfærð. Fagráðið veitir samhljóða jákvæða umsögn til útgáfu leyfis til dýratilraunarinnar.
- b. Long-term monitoring of small Arctic charr (*Salvelinus alpinus*) in lava caves found around Lake Mývatn. Upplýst var um tæknileg mistök (3.5.2) við skráningu umsóknar í þjónustugátt Mast, sem hafa verið lagfærð. Fagráðið veitir samhljóða jákvæða umsögn til útgáfu leyfis til dýratilraunarinnar.

3. Önnur mál

- a. Umræða um aðsenda grein sem birtist í Fréttablaðinu í dag „Það erum við sem erum skynlausar skepnur, ekki dýrin“. Fram kom að Mast getur ekki brugðist við allri almennri umræðu sem fer fram, hvort sem er í fjöl- eða samskiptamiðlum þó svo oft sé um villandi eða rangar fullyrðingar að ræða. Ekki er talið tilefni til að beina því til Mast að bregðast við þessari grein sérstaklega.
- b. Formaður upplýsti um þá vinnu sem er framundan hjá starfsmönnum Mast við ýmis mál er snerta velferð dýra beint eða óbeint, svo sem að rýna áhættumat Preben Willberg um innflutning hunda og katta.
- c. Eftirlit með velferð búfjár. Formaður upplýsti um vinnu tveggja teyma hjá Mast sem vinna að eftirliti með velferð búfjár, annað um grasbíta og hitt um alifugla- og svín. Teymin vinna að skipulagningu eftirlits, skoðunarhandbókum, framkvæmd eftirlits, úrvinnslu niðurstaðna o.fl. Framkvæmd eftirlits hefur verið forgangsraðað eftir mikilvægi.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14:10. Næsti fundur áætlaður miðvikudaginn 22. maí, kl. 13:00 í starfstöð Mast við Dalshraun í Hafnarfirði.